

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Ytri- og Syðri-Varðgjá.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í landnotkun í landi Ytri- og Syðri-Varðgjár. Annars vegar er bætt við einni íbúðarhúsalóð (2.000 m²) á opnu óbyggðu svæði í landi Ytri-Varðgjár þar sem fyrir eru þrjár stakar íbúðarhúsalóðir. Hins vegar eru settar inn þrjár íbúðarhúsalóðir (samtals 7.000 m²) á opnu svæði í landi Syðri-Varðgjár. Jafnframt er bætt inn á uppdráttinn einni íbúðarhúsalóð ofan vegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31 ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

hreppsnefndar Reykhólahrepps um samþykkt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 11. júní 2004 samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar norðan Hellisbrautar á Reykhólum.

Deiliskipulagið tekur til 8 lóða fyrir 4 parhús á einni hæð og aðkomu að þeim í íbúðarbyggð á Reykhólum, Austur-Barðastrandarsýslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykhólum, 19. ágúst 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.